

## Lyfjaskírteini - vinnuregla

### Amfetamín

ATC flokkur: N06BA01 – amfetamín

Dagsetning: 1. maí 2017

---

Skilyrði fyrir greiðsluþátttöku:

- Truflun á virkni og athygli - ADHD (Attention Deficit Hyperactivity Disorder) **ICD-10 F90.0** eða eingöngu athyglisbrestur án ofvirkni. eða
- Dúraveiki og dáslekja (narcolepsy and cataplexy) **ICD-10 G47.4**. Umsókn um lyfjaskírteini fyrir einstaklinga með narcolepsy skal gerð af sérfræðingi í taugalækningum.

Meðferð með öðrum lyfjumsem eru á markaði á Íslandi með ofangreindar ábendingar hafi reynst ófullnægjandi eða aukaverkanir komið fram af notkun þeirra lyfja.

Greiningin á ADHD skal framkvæmd samkvæmt klínískum leiðbeiningum Embættis landlæknis af sérfræðingi sem hefur sérhæft sig í greiningu á ADHD (*Vinnulag við greiningu og meðferð athyglisbrests með ofvirkni (ADHD)*), stytt útgáfa leiðbeininga, júní 2014, [http://www.landlaeknir.is/servlet/file/store93/item23317/ADHD%20loka%20utgafa\\_2014.pdf](http://www.landlaeknir.is/servlet/file/store93/item23317/ADHD%20loka%20utgafa_2014.pdf)

Fyrsta umsókn fyrir einstaklinga með ADHD skal gerð af geðlækni, barna- og unglingageðlækni eða barnalækni með sérþekkingu á þroskaröskun barna og unglunga. Í umsókn skal koma fram hvaða athugunum og rannsóknum greiningin byggist á, þ.m.t. nákvæm sjúkrasaga sjúklings, rannsóknir, greiningartæki og hvernig eftirfylgd er háttað.

Þegar sótt er um lyfjaskírteini er lyfjanotkun viðkomandi skoðuð með tilliti til notkunar á m.a. örvandi lyfjum, svefn-, kvíðastillandi- og sterkum verkjalyfjum. Þegar lyfjanotkun er umfram ráðlagða dagsskammta eða verið er að nota mörg svefn-, kvíðastillandi og verkjalyf, þarf sérstök rök fyrir þeirri notkun.

Rökstyðja þarf ef hefja á meðferð með amfetamíni þegar einstaklingur hefur sögu um neyslu fíkniefna eða misnotkun lyfja/áfengis. Í þessum tilfellum getur lyfjagæild Sí óskað eftir mati geðlækna ADHD teymis Landspítalans.

#### Ógilding lyfjaskírteina:

Ef áreiðanlegar ábendingar berast Sí um ólöglega sölu eða misnotkun lyfs, er lyfjaskírteini viðkomandi fellt úr gildi. Telji læknir að einstaklingur selji eða misnoti lyf, getur hann hringt til lyfjagæildar Sí og óskað eftir að lyfjaskírteini verði fellt úr gildi.

#### **Gildistími:**

ADHD: 18 mánuðir    Narcolepsy: 5 ár